

# Foreldrahandbók

## Brúarskóli



2023-2024

**Kenndu einstaklingi sjálfsaga  
og hann stjórnar sér sjálfur upp frá því.**

## Efnisyfirlit

1. kafli Gagnlegar upplýsingar .....	3
Stjórnendur og starfsmenn 2023 - 2024: .....	3
2. kafli Hlutverk, markmið skólans, hugmyndafræði .....	5
Hlutverk.....	5
Markmið.....	5
Brúarskóli Vesturhlíð .....	5
Tímabundið úrræði.....	5
Umsókn um skólavist .....	5
Inntökuferill.....	6
Útskrift .....	6
Hugmyndafræði.....	6
3. kafli Nemendur .....	6
Reglur fyrir starfsfólk Brúarskóla í samskiptum við nemendur.....	7
Starfsmönnum Brúarskóla ber í samskiptum við nemendur að: .....	7
Góð agastjórnun felst í .....	7
Ófrávíkjanlegar reglur .....	8
Ef nemandi brýtur ófrávíkjanlegar reglur skólans: .....	8
Grunnhugsunin á bak við viðbrögð við óæskilegri hegðun er: .....	8
4. kafli Ýmsar verklagsreglur .....	8
Veikindi / leyfi .....	8
Klæðnaður .....	8
Skólareglur .....	8
Akstur í og úr skóla .....	9
Matarmál .....	9
Kennslufyrirkomulag .....	9
Námsmat.....	9
5. kafli Fundir og samstarf.....	9
Stöðumatsfundir .....	9
Foreldrasamstarf/fundir .....	9
<i>Foreldrasamstarf í Brúarskóla 2023- 2024 .....</i>	<i>10</i>

Mannrækt, virðing, jákvæðni, vellíðan  
Ef það er ekki gaman þá er það ekki uppbygging!!!

**Kenndu einstaklingi sjálfsaga  
og hann stjórnar sér sjálfur upp frá því.**

## ***Jákvæðni og létt lund borgar sig***

### **1. kafli Gagnlegar upplýsingar**

Foreldrahandbók Brúarskóla er ætlað að vera til upplýsingar um starfsemi skólans. Hún inniheldur margs konar hagnýtar upplýsingar til foreldra um starfið í Brúarskóla. Markmiðið er að allir foreldrar séu vel upplýstir og meðvitaðir um starf skólans.

Aðal sími skólans: 411 7970

Skólastjóri:	411 7972
Aðstoðarskólastjóri:	411 7973
Umsjónarmaður	411 7974
Deildarstjóri ráðgjafasviðs:	411 7977
Mötuneyti:	411 7979
Dalbraut:	411 7985
Stuðlar:	530 8800
Brúarhús (Húsaskóla)	411 6863

Netfang skólans: [bruarskoli@rvkskolar.is](mailto:bruarskoli@rvkskolar.is)  
Heimasíðan: [www.reykjavik.is/bruarskoli](http://www.reykjavik.is/bruarskoli)

Skólahúsnæðið er opnað kl. 8:00 og er opið til kl. 15:30

### **Stjórnendur og starfsmenn 2023 - 2024:**

Skólastjóri:  
Björk Jónsdóttir

Aðstoðarskólastjóri:  
Dóra Margrét Sigurðardóttir

Stoðþjónusta:  
Deildarstjóri: Ingunn Eyjólfsdóttir  
Ráðgjöf: Katrín Ósk Þorbergsdóttir  
Faglegt starf: Ólafur Björnsson  
Sálfræðingur: Íris Harpa Stefánsdóttir  
Þroskaþjálfari: Brynhildur Hörn Sigurjónsdóttir  
Náms-/starfsráðgjafi: Agnes Braga Bergsdóttir

Deildarstjóri sjúkrakennslu Dalbraut:  
Birna Hjaltadóttir

Deildarstjóri Brúarhúsi  
Guðrún Vala Jónsdóttir

Mannrækt, virðing, jákvæðni, vellíðan  
Ef það er ekki gaman þá er það ekki uppbygging!!!

**Kenndu einstaklingi sjálfsgaga  
og hann stjórnar sér sjálfur upp frá því.**

**Kennarar:**

Aðalheiður L. Rögnvaldsdóttir  
Agnes Braga Bergsdóttir  
Andri Snær Þorvaldsson  
Ari Jóhann Sigurðsson  
Ásdís Bragadóttir  
Ásta Einarsdóttir  
Bjarni Þór Kristjánsson  
Fjalar Þorgeirsson  
Guðrún Bergsdóttir  
Gunnar Melsted  
Jónatan Vignisson  
Júlía Guðrún Sveinbjörnsdóttir  
Katrín Ósk Þorbergsdóttir  
Kristján Sigurðsson  
Magnús Matthíasson  
Ólafía Steinarsdóttir  
Ólafur Björnsson  
Soffía Ámundadóttir  
Þorsteinn Guðni Berghreinsson

**Annað starfsfólk:**

Benedikt Helgi Jónsson, atferlisþjálfari  
Brynjar Ásgeir Guðmundsson, stuðningsfulltrúi  
Brynjar Þór Gestsson, atferlisþjálfari  
Eva Jóhannsdóttir, atferlisþjálfari  
Gunnlaugur Fannar Guðmundsson, stuðningsfulltrúi  
Helga Rún Víktorsdóttir, skrifstofustjóri  
Haukur Páll Sigurðsson, stuðningsfulltrúi  
Heiðar Smári Heiðarsson atferlisþjálfari  
Íris Harpa Stefánsdóttir, sálfræðingur  
Jóhanna Björt Grétarsdóttir, stuðningsfulltrúi  
Kristinn Þórarinsson, stuðningsfulltrúi  
Ólafur Sigurðsson tölvuumsjónarmaður  
Sóley Víglundsóttir, matráður  
Tindur Orri Ásbjörnsson, stuðningsfulltrúi

Mannrækt, virðing, jákvæðni, vellíðan  
Ef það er ekki gaman þá er það ekki uppbygging!!!

## Kenndu einstaklingi sjálfsaga og hann stjórnar sér sjálfur upp frá því.

## 2. kafli Hlutverk, markmið skólans, hugmyndafræði

Brúarskóli er grunnskóli rekinn af Reykjavíkurborg fyrir nemendur

- a) með alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda.
- b) sem eiga í félags- og hegðunarerfiðleikum
- c) eru komnir í vanda vegna fíkniefnaneyslu og/eða afbrota.

### Hlutverk

Starfsemi Brúarskóla skiptist í:

- 1) Kennsluvið
  - a. Kennsla í Vesturhlíð 5 (4. – 10. bekkur)
  - b. Kennsla í Brúahúsum, Húsaskóla (3. – 7. bekkur)
  - c. Kennsla við Barna- og unglingageðdeild (1. -10. bekkur)
  - d. Kennsla á Stuðlum (7. – 10. bekkur)
- 2) Stoðþjónusta
  - a) Ráðgjöf innan og utan Brúarskóla
  - b) Stuðningur við faglegt starf og skipulag innan Brúarskóla

### Markmið

Markmið skólans er að gera nemendur hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla. Megináhersla er lögð á að veita nemendum kennslu út frá áhuga og getu hvers og eins og að styrkja og bæta hegðun, félags- og samskiptahæfni. Kennt er í litlum námshópum og kennslan er einstaklingsmiðuð.

### Brúarskóli Vesturhlíð

#### Tímabundið úrræði

- ✚ Brúarskóli er hugsaður sem tímabundið úrræði fyrir nemendur.
- ✚ Mikilvægt er að allir þeir aðilar sem að málum nemandans koma s.s. foreldrar, heimaskóli, barnavernd o.fl. starfi náið saman á meðan nemandi er í Brúarskóla og á meðan á eftirfylgd stendur
- ✚ Í Vesturhlíð og Brúarhúsum fer reglulega fram (3- 4 mánaða fresti) stöðumat nemenda. Til stöðumatsfundar eru boðaðir fulltrúar heimaskóla, foreldrar og aðrir sem að málefnum nemandans koma. Fundinn sitja auk þess skólastjórnendur/ fulltrúi stoðþjónustu og umsjónarkennari. Ákvörðun um aðlögun í heimaskóla er tekin á slíkum fundi.

#### Umsókn um skólavist

- ✚ Foreldrar sækja um skólavist.
- ✚ Áður en umsókn er lögð inn gerist eftirfarandi:
  - Foreldrar og fulltrúi viðkomandi skóla, sé þess óskað, koma í heimsókn í Brúarskóla og ræða við skólastjórnendur og starfsmann stoðþjónustu.
  - Umsókn berst Brúarskóla ásamt greiningum sem gerðar hafa verið.
  - Stjórnendur fá umsóknina til vinnslu og boða til upplýsingafundar

Mannrækt, virðing, jákvæðni, vellíðan  
Ef það er ekki gaman þá er það ekki uppbygging!!!

## Kenndu einstaklingi sjálfsaga og hann stjórnar sér sjálfur upp frá því.

### Inntökuferill

#### Útskrift

- ✚ Þegar ákvörðun hefur verið tekin um útskrift og þar með aðlögun er haft samband við viðkomandi skóla.
- ✚ Umsjónarkennari frá viðtökuskóla kemur í heimsókn í Brúarskóla og fylgist með kennslu og fundar síðan með umsjónarkennara Brúarskóla og verkefnastjóra faglegs starfs, farið er yfir skipulag og það sem vel hefur tekist – sett niður drög að aðlögun
- ✚ Verkefnastjóri faglegs starfs og umsjónarkennari vinna endanlegt aðlögunplan, með dags- og tímasetningum sem sent er viðtökuskóla og foreldrum.
- ✚ Brúarskóli og viðtökuskóli gera með sér skriflegan samning um aðlögun og eftirfylgd.
- ✚ Haldinn er fundur í viðtökuskóla u.þ.b 4 vikum eftir útskrift úr Brúarskóla þar sem boðaðir eru foreldrar og fulltrúi heimaskóla ásamt öðrum þeim er að málinu koma.

#### Hugmyndafræði

- ✚ Meginhlutverk Brúarskóla er að skapa jákvæð og uppbyggileg skilyrði til að nemandinn geti bætt hegðun sína, félagsfærni og byggt sjálfan sig upp í námi og skólastarfi.
- ✚ Öll hegðun er lærd, í Brúarskóla kennum við nýja hegðun.
- ✚ Að viðurkenna eigin mistök og leiðréttu þau snýst um það hver viðkomandi er, verður eða vill verða.
- ✚ Markmið með uppbyggingu er að kenna, en ekki refsar.
- ✚ Uppbygging er ferli sem kennir sjálfsaga og þar með betri hæfni til að meta hegðun sína.
- ✚ Að nemendur læri af mistökum sínum og komi frá þeim með reisn sem betri og hæfari einstaklingar.
- ✚ Að nemandinn læri að bera ábyrgð á gerðum sínum og afleiðingum þeirra.
- ✚ Að nemandi geri sér betur grein fyrir eigin stöðu, þ.e. bæði styrkleikum og veikleikum sínum.
- ✚ Að nemandi læri að hann getur með stuðningi unnið með vanda sinn og sínar sterku hliðar.
- ✚ Að starfsfólk geri sér grein fyrir eigin líðan, stöðu, getu og takmörkunum sínum.

### 3. kafli Nemendur

Kennsla hefst 8:20

Miðstig lýkur skóladegi 13:30

Unglingastig lýkur skóladegi 13:45

Nemendur Brúarskóla hafa allir stundað nám í almennum skóla og beðið þar lægri hlut gagnvart þeim kröfum sem þeir hafa átt að uppfylla. Ástæðurnar eru margvíslegar, bæði geðræn, félags- og námsleg vandamál. Mörgum hefur gengið illa í skóla, oft í langan tíma. Hjá öðrum hefur skólagangan farið úr skorðum þegar unglingsárin nálgast.

Mannrækt, virðing, jákvæðni, vellíðan  
Ef það er ekki gaman þá er það ekki uppbygging!!!



## **Kenndu einstaklingi sjálfsaga og hann stjórnar sér sjálfur upp frá því.**

Nær allir nemendurnir eiga það sameiginlegt að sjálfsmynd þeirra er orðin mjög neikvæð sem brýst oft út í mótþróafullu atferli og erfiðum samskiptum við aðra. Hjá öðrum nemendum kemur fram depurð og vonleysi. Löngunin til að standa jafnfætis öðrum og til að uppfylla kröfur og væntingar samfélagsins til náms virðist þó oftast fyrir hendi. Reynt er að byggja á sterkum hliðum hvers nemanda til frekari uppbyggingar.

Hvað viðkemur námsstöðu er algengast að nemendurnir hafi ekki staðist þær kröfur sem almenni skólinn hefur gert. Nemendur búa oft yfir fjölbreyttum hæfileikum á ýmsum sviðum, sem mikilvægt er að finna og virkja.

### **Reglur fyrir starfsfólk Brúarskóla í samskiptum við nemendur**

**Beiti nemandi líkamlegu ofbeldi skal ætíð fara mildustu leið og ef hún ekki dugar getur þurft að stöðva hegðun með líkamlegu inngripi sbr. Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins 13. gr. Slíku inngripi er beitt í algjörri neyð. Allir starfsmenn skólans fara á námskeið í að takast á við erfiða hegðun og hafa þeir einir heimild til að fara inn í slíkar aðstæður**

### **Starfsmönnum Brúarskóla ber í samskiptum við nemendur að:**

- Sýna jákvæða framkomu
- Hrósa
- Beita rödd sinni á rólegan hátt
- Tala af virðingu við nemendur
- Hafa skilaboð stutt og skýr
- Halda sig við verkefni sem fyrir liggja
- Sýna öryggi í framkomu
- Leiðbeina nemendum
- Aðgreina nemanda frá hegðun
- Nota skírnarnöfn nemenda í stað gælunafna, nema nemandi óski annars.
- Vera hæfilega nákominn nemendum
- Halda ró sinni við uppákomur
- Virða persónulegt rými nemenda
- Gantast í hófi við nemendur og eltinga- og keppnisleikir eru óæskilegir

### **Góð agastjórnun felst í**

- ✚ fáar einfaldar reglur og réttlát mörk
- ✚ leggja áherslu á daglegar venjur
- ✚ hafa ramma dagsins/vikunnar skýran og sýnilegan nemendum
- ✚ leyfa nemendum að taka þátt í skipulagi rammans
- ✚ tala rólega
- ✚ vera samkvæmur sjálfum sér – en sveigjanlegur
- ✚ vera jákvæður og hrósa þegar við á

**Markmið er alltaf að byggja nemanda upp og styrkja jákvæðar hliðar hans.**

Mannrækt, virðing, jákvæðni, vellíðan  
Ef það er ekki gaman þá er það ekki uppbygging!!!

## Kenndu einstaklingi sjálfsaga og hann stjórnar sér sjálfur upp frá því.

### Ófrávíkjanlegar reglur

- Engin skemmdarverk
- Engin vopn
- Engin fíkniefni, áfengi eða tóbak
- Engar andlegar eða líkamlegar hótanir
- Ekkert ofbeldi

### Ef nemandi brýtur ófrávíkjanlegar reglur skólans:

- Byrja á mildustu leið sem ákveðin hefur verið varðandi hvern og einn
- Ef ekki er hægt að leysa málið á staðnum gæti þurft að kalla til aðstoð.
- Í algerru neyð gæti þurft að beita líkamlegu innngripi – það er gert þegar öll önnur úrræði hafa verið reynd.
- Stuðst er við verkferil skólans um vinnubrögð í slíkum aðstæðum.

### Grunnhugsunin á bak við viðbrögð við óæskilegri hegðun er:

- ✚ Hvernig getur nemandinn lært af því sem hann gerði á uppbyggilegan hátt
- ✚ Mistök eru leyfileg, en mikilvægt að læra af þeim.
- ✚ Þú þarft ekki að vera fullkomin/-n.
- ✚ Markmið er að nemandi sem hefur brotið reglur skólans fái nýtt tækifæri til að geta komið aftur inn í hópinn sinn.

## 4. kafli Ýmsar verklagsreglur

### Veikindi / leyfi

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna veikindi til skólans strax að morgni eða skrá þau í Mentor.

Leyfi ber að sækja um til skólastjóra – senda tölvupóst

### Klæðnaður

Mikil áhersla er lögð á útivist og hreyfingu í skólanum og því ber nemendum að vera klæddir til útivistar á hverjum degi

Mikilvægt er að muna ætíð eftir leikfimi- og sundfatnaði.

### Skólareglur

Við ætlum að:

- ✚ Ganga vel um skólann okkar
- ✚ Fara úr skónum og yfirhöfnum frammi í forstofu
- ✚ Vera kurteis
- ✚ Koma fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur
- ✚ Taka þátt í skólastarfinu og gera okkar besta
- ✚ Bera virðingu fyrir okkur sjálfum og öðrum
- ✚ Bera virðingu fyrir því sem við gerum
- ✚ Láta okkur líða vel í skólanum
- ✚ “Gerum Brúarskóla að besta skóla í heimi”

Mannrækt, virðing, jákvæðni, vellíðan  
Ef það er ekki gaman þá er það ekki uppbygging!!!



## **Kenndu einstaklingi sjálfsaga og hann stjórnar sér sjálfur upp frá því.**

### **Akstur í og úr skóla**

- ✚ Nemendur í Brúarskóla eru í skólaakstri, umsjón skólaaksturs er hjá Pant akstursþjónustu.
- ✚ Foreldrar skrá börn sín í akstur hjá Pant, s. 540 2727 eða [pontun@pant.is](mailto:pontun@pant.is).
- ✚ Starfsfólk skólans sér um að leiðbeina nemendum með strætóleiðir

### **Matarmál**

- ✚ Mötuneyti er starfrækt í Brúarskóla. Starfsmenn borða með nemendum. Nemendur fá ávexti við komu í skólann, greitt er fyrir matinn skv. reglum Reykjavíkurborgar
- ✚ Í Vesturhlíð eru matartímar tvískiptir, miðstig og unglíngastig.

### **Kennslufyrirkomulag**

- ✚ Kennslan er einstaklingsmiðuð. Gerð er vinnuáætlun fyrir hvern nemenda og fer mat stöðugt fram.
- ✚ Lögð er áhersla á kennslu í hegðun, félagsfærni, reiðistjórnun og samskiptum, íþróttum og útvíst, list- og verkmennt, íslensku, (lestur, lesskilningur, hlustun, tjáning, umræða), stærðfræði og ensku.
- ✚ Í öllum námsgreinum er reynt að ná tengingu við daglegt líf og áhugasvið nemenda.
- ✚ Hver námshópur hefur sitt skipulag sem tekur mið af hópnum. Skipulagið er sent heim og er einnig sýnilegt í kennslustofum.
- ✚ Í upphafi hvers dags liggur fyrir skipulag dagsins – nemendum skiljanlegt.
- ✚ Umsjónarkennari ræðir við sína nemendur reglulega og fer yfir stöðuna, líðan og hvert stefnir.

### **Námsmat**

- ✚ Símat fer fram í kennslunni.
- ✚ Að hluta til meta nemendur sig sjálfir.
- ✚ Stöðumat um hvern nemanda fer fram á 3ja – 4ra mánaða fresti.

## **5. kafli Fundir og samstarf**

### **Stöðumatsfundir**

- ✚ Haldnir eru stöðumatsfundir á 3ja – 4ra mánaða fresti um hvern nemanda.
- ✚ Á fundinn koma allir sem á einhvern hátt koma að málum nemandans.
- ✚ Verkefnastjóri faglegs starfs/ deildarstjórar boða fundinn.
- ✚ Umsjónarkennari gerir grein fyrir vinnunni í skólanum út frá vinnuáætlun.
- ✚ Rætt um stöðuna heima og hvort hugsanlega þurfi meiri aðstoð heim o.s.frv.
- ✚ Ákvörðun tekin um áframhaldandi skólavist í Brúarskóla eða aðlögun í heimaskóla.

### **Foreldrasamstarf/fundir**

Í Brúarskóla er lögð mjög mikil áhersla á jákvætt samstarf við foreldra. Því er aðalmarkmið að byggja upp traust og jákvæðan farveg í samskiptum. Gott foreldrasamstarf þróast á þann veg

Mannrækt, virðing, jákvæðni, vellíðan  
Ef það er ekki gaman þá er það ekki uppbygging!!!

**Kenndu einstaklingi sjálfsaga  
og hann stjórnar sér sjálfur upp frá því.**

að báðir aðilar eiga frumkvæði að samskiptum sem leiða til þess að nemendur líta á það sem sjálfsagðan hlut að tengsl séu milli þess hvernig gengur heima og í skólanum. Foreldrar nemenda í Brúarskóla gangast undir þátttöku í samstarfinu með umsókn um skólavist.

Foreldrasamstarf á að grundvallast á:

- ✚ Gagnkvæmri virðingu
- ✚ Jákvæðum skoðanaskiptum
- ✚ Tillitsemi

***Foreldrasamstarf í Brúarskóla 2023- 2024***

- ✚ Allir foreldrar með aðgang að Mentor
- ✚ Kennarar hitta foreldra og nemanda áður en skólinn byrjar
- ✚ Kennarar senda tölvupóst a m k x1 í viku
- ✚ Foreldraviðtöl eru 25. október 2023 og 27. maí 2024

Mannrækt, virðing, jákvæðni, vellíðan  
Ef það er ekki gaman þá er það ekki uppbygging!!!